



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

# Aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja (vinnuheiti)

Desember 2015

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Um þessi drög.....	3
Samantekt aðgerða .....	4
Af hverju aðgerðaáætlun? .....	5
Sýn.....	6
Stefna.....	6
Markmið.....	6
Staðan á Íslandi .....	6
Tillögur .....	8
1. Fjármögnunarumhverfið.....	8
2. Starfsumhverfi og regluverk.....	8
3. Stoðkerfi frumkvöðla og nýsköpunar.....	9
4. Alþjóðlegt samstarf og sókn.....	10
5. Greiningar og rannsóknir .....	11
6. Viðburðir og vitundarvakning.....	12
7. Önnur verkefni .....	12

## Um drög áætlunarinnar

Drög aðgerðaáætlunar í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja eru nú birt til opinna umsagnar á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Áætlunin byggir á víðtæku samráði við frumkvöðla, sprotafyrirtæki og sérfræðinga. Einnig er byggt á ýmsum stefnum og áherslum. Má þar nefna stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, stefnumótunar á vegum Samtaka iðnaðarins o.fl.

Rétt er að benda á að þær aðgerðir sem hér eru til umfjöllunar heyra flestar undir málaflokka iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Aðrar tillögur sem tengjast öðrum ráðuneytinu, svo sem tillögur er snerta skattamál, málefni erlendra sérfræðinga og menntamál eru ekki til sérstakrar umfjöllunar í þessu skjali.

Ráðuneytið kallar eftir ábendingum og athugasemdum sem eru til þess fallnar að bæta umræddar aðgerðir. Jafnframt er umsagnaraðilum velkomið að leggja til nýjar aðgerðir sem afstaða verður þá tekin til.

Vakin er athygli á að í lokaútgáfu áætlunarinnar mun fylgja verk-, tíma og kostnaðaráætlun fyrir hverja aðgerð auk markmiða og mælikvarða svo hægt verði að meta framvindu. Áætlunin verður endurskoðuð árlega.

## Samantekt aðgerða

### 1. Bætt aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni

- Aukin framlög til Tækniþróunarsjóðs um 975 m.kr. 2016
- Umgjörð og tækifæri hóp fjármögnunar skoðuð
- Þróun fjármögnunarumhverfis frumkvöðla og sprotafyrirtækja
- Stefnt að því að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggi áherslu á að fjárfesta í sjóðum

### 2. Einföldun regluverks fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki

- Kostir við stofnun frumkvöðlafélaga kannaðir
- Kostnaður við skráningu einkahlutafélags verði sambærilegur við nágrannalönd
- Hægt verður að stofna frumkvöðlafélag eða einkahlutafélag alfarið í gegnum vefinn
- Einfaldari skil ársreikninga örfyrirtækja

### 3. Markvissari opinber þjónusta og stuðningur við frumkvöðlastarf og nýsköpun

- Stoðkerfi atvinnulífs verður endurskoðað til einföldunar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki
- Aukin áhersla á árangursmat opinbers stuðnings við nýsköpun
- Starfrækt verður samræmd upplýsinga- og styrkjagátt
- Markvisst átak til eflingar nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum
- Starfræktur verður samráðshópur iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að bæta starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja

### 4. Alþjóðlegt samstarf og markaðssókn

- Stuðningur við alþjóðlega sókn framúrskarandi sprotafyrirtækja
- Þjálfun fyrir sprotafyrirtæki í vexti sem stefna á alþjóðlega sókn
- Betri og einfaldari þjónusta við umsækjendur í erlenda samkeppnissjóði

### 5. Greiningar og rannsóknir á sviði frumkvöðla- og nýsköpunarstarfs eflar

- Samstarfsverkefni um greiningu og gerð hraðvaxtarstefnu
- Unnin verður samanburður á stoðkerfi norrænna frumkvöðla og sprotafyrirtækja
- Kortlagning á tækifærum internetsins og nýrrar tækni í íslensku atvinnulífi

### 6. Öflugra frumkvöðla- og nýsköpunarsamfélag

- Ráðstefna/uppsprettuvettvangur hugmynda og hvatning til nýsköpunar
- Árlegur frumkvöðla- og sprotaviðburður iðnaðar- og viðskiptaráðherra

### 7. Önnur samstarfsverkefni

- Tækniyfirfærsluskrifstofa fyrir Ísland
- Nýsköpunarkeppni um framúrskarandi lausnir innan velferðarþjónustunnar

## Af hverju aðgerðaáætlun?

Frumkvöðlastarf og nýsköpun er forsenda efnahagslegrar hagsældar. Opinber stefnumörkun og aðgerðir til að efla frumkvöðlastarf og nýsköpun eru því eitt meginviðfangsefni stjórnvalda til að stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi og aukinni verðmætasköpun.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er lögð áhersla á nýsköpun í öllum atvinnugreinum og mikilvægi þess að auka framleiðni á Íslandi. Skapa þurfi umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í nýjum og starfandi fyrirtækjum.

Samkvæmt forsetaúrskurði fer atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið með almenn starfsskilyrði og stuðningsumhverfi atvinnulífsins, þar á meðal nýsköpun og atvinnuþróun. Starfsumhverfi frumkvöðla- og sprotafyrirtækja samanstendur af ýmsum þáttum en helst ber að nefna almennt viðskiptaumhverfi og regluverk, aðgengi að fjármagni, nýsköpunarstarf, stoðkerfi atvinnulífs, aðgengi að mörkuðum, mannauði, þekkingu og hæfni auk frumkvöðlamenningar og tengslaneta<sup>1</sup>.

Í ljósi mikillar grósku í frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi undanfarið hefur myndast þörf á að stjórnvöld marki nýja stefnu og áherslur til stuðnings við málaflokkinn. Frumkvöðlastarf og nýsköpun byggir á framtaki einstaklinga og fyrirtækja en stjórnvöld gegna veigamiklu hlutverki í því að skapa hvetjandi aðstæður þar sem frumkvæði fær notið sín.

Árangur íslenskra frumkvöðla og sprotafyrirtækja er háður fjölda þátta sem stjórnvöld geta haft bein áhrif á. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun beita sér fyrir bættum starfsskilyrðum og er meðfylgjandi aðgerðaáætlun liður í því að skapa á Íslandi samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf. Með því verður stuðlað að nauðsynlegri þróun og endurnýjun í Íslensku atvinnulífi.

---

<sup>1</sup> Með hliðsjón af skilgreiningum OECD, World economic forum o.fl.

## Sýn

Ísland verði uppspretta samkeppnishæfra sprota- og nýsköpunarfyrirtækja þar sem hagnýting þekkingar og tækni stuðlar að aukinni verðmætasköpun og fjölbreyttum störfum í íslensku atvinnulífi.

## Stefna

Á Íslandi verði alþjóðlega samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf.

## Markmið

- ...að bæta aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni
- ...að einfalda regluverk fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki
- ...að bæta opinbera þjónustu og úrræði til stuðnings við frumkvöðlastarf og nýsköpun
- ...að efla alþjóðlega sókn og samstarf á sviði frumkvöðlastarfs og nýsköpunar
- ...að efla greiningar og rannsóknir á frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi
- ...að stuðla að öflugra frumkvöðla- og nýsköpunarsamfélagi á Íslandi

## Staðan á Íslandi

Fjöldi skýrsla og greininga liggja fyrir um stöðu frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á Íslandi. Í skýrslu OECD<sup>2</sup> kemur fram að góðar horfur séu í íslensku efnahagslífi þó áskoranir séu enn til staðar sem m.a. hamla nýsköpun og halda aftur af framleiðni. OECD hvetur til enn frekari stuðnings við nýsköpunarstarf, bæta þurfi aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni og styðja þurfi sérstaklega við vaxtarfyrirtæki líkt og bent hefur verið á í fyrri úttektum<sup>3</sup>. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að meta árangur opinberra úrræða til stuðnings við nýsköpun<sup>4</sup>. Einnig kemur fram að til staðar séu hindranir í regluverki sem standi frumkvöðlastarfi fyrir þrífum. Því þurfi að draga úr hindrunum og reglubyrði enda frumkvöðlastarf mikilvæg forsenda framleiðni aukningar og sköpun nýrra starfa.

Í úttekt sem tekur sérstaklega til vísinda- og nýsköpunarkerfisins á Íslandi<sup>5</sup> kemur fram að þörf sé á umbótum á kerfinu enda sé það mikilvægur grunnur hagvaxtar og velferðar í landinu til lengri tíma litið. Þörf sé á pólitískum stuðningi og aðgerðum sem byggja á samtali við hagsmunaaðila auk fyrirbyggjandi gagna og greininga. Bent er á að bæta þurfi upplýsingar um árangur opinberrar stefnu og aðgerða á sviði nýsköpunar þar sem

<sup>2</sup> OECD (2015) Economic survey of Iceland 2015

<sup>3</sup> Nordic Innovation (2012). The Nordic Growth entrepreneurship review 2012.

<sup>4</sup> OECD (2015) Economic survey of Iceland 2015

<sup>5</sup> European commission (2014). Peer review – Icelandic research and innovation system 2014

upplýsingar um árangursmat eru takmarkaðar. Koma þurfi á kerfisbundnu árangursmati í nýsköpunarkerfinu svo endurskoða megi áherslur eftir þörfum í síbreytilegu landslagi atvinnulífs og samfélags. Einnig er bent á mikilvægi þess að koma upplýsingum um árangur og mikilvægi opinbers stuðnings við nýsköpun á framfæri við hagsmunaaðila og almenning.

Í skýrslu McKinsey<sup>6</sup> frá 2012 er bent á að í alþjóðageiranum<sup>7</sup> svokallaða er að finna stærstu vaxtartækifæri íslensks atvinnulífs. Einnig kemur fram að skapa þurfi hagfelld skilyrði til nýsköpunar sem eftt geti samkeppnishæfni á grundvelli nýrra fyrirtækja og þekkingar. Þar er m.a. átt við opinbert stoðkerfi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Í nýrri úttekt Alþjóða efnahagsráðsins 2015-16 er Ísland í 29. Sæti yfir samkeppnishæfi þjóða. Úttektin er víðtæk og endurspeglar þá þætti sem ákvarða framleiðni þjóða og vaxtarmöguleika. Síðastliðin ár hefur staða Íslands lítið breyst þó hagkerfið sé skilgreint sem nýsköpunarhagkerfi<sup>8</sup>. Frumkvöðlaumhverfið á Íslandi þykir almennt gott hvað varðar mælingar sem gerðar eru m.a. á tæknilæsi, tengslanetum og nýsköpunargetu einstaklinga og fyrirtækja<sup>9</sup>.

Ýmsar mælingar Hagstofunnar á stöðu og þróun í íslensku atvinnulífi gefa tilefni til bjartsýni þó vissulega megi gera betur. Útgjöld til rannsókna og þróunar á Íslandi fyrir árið 2014 jafngiltu 1,89% af vergri landsframleiðslu og er Ísland í 11. sæti af 30 evrópulöndum hvað varðar útgjöld til rannsókna- og þróunar sem hlutfall af landsframleiðslu. Finnland, Svíþjóð og Danmörk verja mestu til rannsókna- og þróunar og eru einu löndin sem fara yfir 3%. Að lokum má benda á að samkvæmt tölum sem Samtök iðnaðarins hafa unnið hafa útflutningstekjur tækni- og hugverkageirans aukist úr 160 í 290 milljarða á árunum 2009-2015<sup>10</sup>. Frekari vöxtur er fyrirsjáanlegur.

Aðgerðaáætlun iðnaðar- og viðskiptaráðherra byggir m.a. á framangreindum skýrslum og greiningum en auk þess hefur rík áhersla verið lögð á samráð við hagsmunaaðila, einkum frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Tilgangur samráðsins hefur verið að hlusta eftir ábendingum og tillögum sem nýst geta til að bæta starfsumhverfið. Einnig hefur verið stuðst við innlend gögn svo sem niðurstöður stefnumótunar Hátækni- og sprotavettvangs, stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs svo dæmi séu nefnd.

<sup>6</sup> McKinsey (2012). Charting a growth path for Iceland

<sup>7</sup> Alþjóðageirinn er skilgreindur sem flokkur þeirra fyrirtækja sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins.

<sup>8</sup> World economic forum (2015). The global competitiveness report 2015-2016.

<sup>9</sup> State of the region report 2014 (2014). Baltic Development Forum.

<sup>10</sup> Samtök iðnaðarins (2015). <http://www.si.is/frettasafn/taekni-og-hugverkathing-adladandi-island-fyrir-folk-og-fyrirtaeki-i-nyskopun>

## Tillögur

### 1. Fjármögnunarumhverfið

#### Markmið 1. Bætt aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni

##### 1.1 Aukin framlög til Tækniþróunarsjóðs

**Markmið:** Samkeppnissjóðir gegni áfram veigamiklu hlutverki til stuðnings nýsköpunar og þróunarstarfs.

**Nánar um aðgerðina:** Framlög til samkeppnissjóða verði hækkuð með reglubundnum hætti sbr. aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2013-2016. Framlög til Tækniþróunarsjóðs hækki um 975 m.kr. á fjárlögum 2016 og hafi sjóðurinn því alls 2.347,5 m.kr. til ráðstöfunar.

##### 1.2 Umgjörð og tækifæri hópfrjármögnunar skoðuð

**Markmið:** Fjölga fjármögnunarúrræðum sem frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum standa til boða.

**Nánar um aðgerðina:** Vinnuhópi verður falið að kanna lagalega umgjörð hópfrjármögnunar (e. crowd-funding) og mögulega aðkomu ríkisins til að fjölga fjármögnunarúrræðum og bæta þannig aðgengi frumkvöðla og sprotafyrirtækja að fjármagni. Hópurinn skili tillögum að aðgerðum til iðnaðar- og viðskiptaráðherra eigi síðar en 1. maí 2016.

##### 1.3 Þróun fjármögnunarumhverfis frumkvöðla og sprotafyrirtækja

**Markmið:** Afla upplýsinga um fjármögnunarkosti og skilgreina þarfir á úrbótum í fjármögnunarumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja.

**Nánar um aðgerðina:** Unnin verður úttekt á fjármögnunarkostum frumkvöðla og sprotafyrirtækja allt frá fyrstu stigum viðskiptahugmyndar til vaxtar. Úttektinni fylgi tillögur til úrbóta enda markmiðið að bæta fjármögnunarumhverfið hvað varðar opinber úrræði.

##### 1.4 Stefnt er að því að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggi áherslu á fjárfestingu í sjóðum

**Markmið:** Auknar fjárfestingar í nýsköpun á fyrstu stigum.

**Nánar um aðgerðina:** Á næstu árum mun Nýsköpunarsjóður leggja áherslu á fjárfestingu í samlagssjóðum með öðrum fagfjárfestum. Með þessari aðgerð er hægt auka fjárfestingu í nýsköpun á fyrstu stigum atvinnulífsins og lækka rekstrarkostnað Nýsköpunarsjóðs á sama tíma. Jafnframt mun sjóðurinn hvetja til þess að fjárfesting í Nýsköpun sé gerð af þekkingu og fagmennsku.

### 2. Starfsumhverfi og regluverk

#### Markmið 2. Regluverk fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði einfaldað

##### 2.1 Kostnaður við skráningu

**Markmið:** Að skráningarkostnaður einkahlutafélags verði sambærilegur við það sem best gerist á Norðurlöndunum.



**Nánar um aðgerðina:** Vinnuhópur sem vinnur að einföldun regluverks félaga er falið að bera saman skráningargjöld á Íslandi og í öðrum löndum í Evrópu og leggja fram tillögur að skráningargjaldi.

## **2.2. Skráning í gegnum vef**

**Markmið:** Hægt verði að stofna frumkvöðlafélag eða einkahlutafélag alfarið í gegnum vefinn.

**Nánar um aðgerðina:** Fyrirtækjaskrá RSK hefur unnið að uppsetningu rafrænnar fyrirtækjaskrár um nokkurt skeið. Með rafrænu skránni verður hægt að stofna hlutafélag og einkahlutafélag í gegnum vefinn. Gert er ráð fyrir að skráin verði tekin í notkun á vormánuðum 2016.

## **2.3. Kostir við stofnun frumkvöðlafélaga kannaðir**

**Markmið:** Auðveldara verði að hefja rekstur frumkvöðlafyrirtækja með stofnun frumkvöðlafélaga.

**Nánar um aðgerðina:** Um væri að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess sem ekki þyrfti að leggja til stofnfé í upphafi, ekki þyrfti að greiða skráningargjald og óheimilt yrði að greiða félagsmönnum arð úr félaginu þar til því hefði verið lagt til stofnfé. Félagið yrði þó hægt að skrá á virðisauka- og launagreiðendaskrá. Með einföldum hætti yrði hægt að breyta slíku félagi í einkahlutafélag með því að leggja því til stofnfé og greiða skráningargjald samkvæmt reglum um einkahlutafélög. liggja fyrir.

## **2.4. Einfaldari skil ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð undir tilteknum stærðarmörkum**

**Markmið:** Að létta stjórnslubyrði af félögum með takmarkaða ábyrgð með einfaldari skilum ársreikninga.

**Nánar um aðgerðina:** Vinnuhópur á vegum ráðuneytisins hefur unnið að gerð frumvarps til breytinga á lögum um ársreikninga þar sem lagt verður til að svokölluðum örfélögum, þ.e. félög með takmarkaða ábyrgð sem við uppgjörsdag fara ekki fram úr a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðum, 3 ársverk, 20 milljónir í eignir, 40 milljónir í hreina veltu, verði gert kleift að nota innsendar upplýsingar í skattframtali til að útbúa rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit. Tillagan gerir ráð fyrir að félag geti valið þennan kost við skil skattframtals og skili þannig inn ársreikningi til ársreikningaskrár.

## **3. Stoðkerfi frumkvöðla og nýsköpunar**

**Markmið 3. Opnber þjónusta til stuðnings við frumkvöðlastarf og nýsköpun verður bætt**

### **3.1 Stoðkerfi atvinnulífs endurskoðað í þágu notenda**

**Markmið:** Stoðkerfi atvinnulífs verður tekið til endurskoðunar til einföldunar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

**Nánar um aðgerðina:** Áhersla verður lögð á að efla gæði og sveigjanleika stoðkerfis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í því skyni að bjóða frumkvöðlum og fyrirtækjum viðeigandi þjónustu. Auk kortlagningar á þjónustubáttum verður áhersla lögð á aukna samvinnu þeirra aðila sem sinna stuðningi við frumkvöðla og nýsköpun

með það fyrir augum að bæta þjónustu og auðvelda verkaskiptingu. Jafnframt verður settur upp skýr ferill fyrir ábendingar til ráðuneytisins um það sem betur má fara.

### **3.2 Innleiðing reglubundins árangursmats á opinberum stuðningi við nýsköpun og þróunarstarf**

**Markmið:** Aukin áhersla verður lögð á að meta árangur nýsköpunar- og þróunarstarfs sem fjármagnað er af hinu opinbera.

**Nánar um aðgerðina:** Innleitt verður verklag þar sem árangursmat verður órjúfanlegur hluti af rekstri stofnana, sjóða, samninga og annars stuðnings ráðuneytisins við frumkvöðla- og nýsköpunarstarf.

### **3.3 Starfrækt verði samræmd upplýsinga- og styrkjagátt**

**Markmið:** Upplýsingar um styrki og stuðningsúrræði verði aðgengilegri.

**Nánar um aðgerðina:** Sett verði upp samræmd upplýsinga- og styrkjagátt þar sem aðgengilegar verða upplýsingar um alla opinbera styrki og þjónustu sem standa frumkvöðlum, fyrirtækjum og sprotum til boða. Verkefnið verður unnið í samstarfi við opinbera aðila sem veita styrki til frumkvöðla og fyrirtækja.

### **3.4 Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum**

**Markmið:** Að hvetja starfandi fyrirtæki til nýsköpunar og þróunar til aukinnar framleiðni og bættrar samkeppnishæfni.

**Nánar um aðgerðina:** Innan starfandi fyrirtækja er þekking og fjárfesting sem hægt er að nýta til nýsköpunar og aukinnar framleiðni. Með markvissri greiningu á tækifærum til nýsköpunar má styrkja stöðu þessara fyrirtækja. Auglýst verður eftir þátttöku meðalstórra fyrirtækja og árlega verði 10 fyrirtækjum boðin þátttaka. Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja fara í gegnum greiningu á möguleikum til stefnumiðaðrar nýsköpunar í samstarfi við sérfræðinga. Þáttökufyrirtæki munu fá þekkingarávísun fyrir vinnu utanaðkomandi sérfræðinga við greininguna og þau verkefni sem ráðast þarf í til að innleiða nýja starfshætti.

### **3.5 Starfræktur verður samráðshópur iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að bæta starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja**

**Markmið:** Markviss og aðgerðatengd stefnumótun byggir á samráði við hagsmunaaðila

**Nánar um aðgerðina:** Starfræktur verður samráðsvettvangur iðnaðar- og viðskiptaráðherra og frumkvöðla og sprotafyrirtækja með það að markmiði að sammælast um mikilvægar áherslur og aðgerðir. Starfræktur verður formlegur samráðshópur frumkvöðla og sprotafyrirtækja á vegum ráðuneytisins. Samráðshópurinn verður jafnframt ráðgefandi við innleiðingu stefnu og aðgerðaáætlunar ráðuneytisins í málaflokknum og hraðar umbótum í starfsumhverfinu þar sem þörf er talin á.

## **4. Alþjóðlegt samstarf og sókn**

**Markmið 4. Alþjóðleg sókn og samstarf á sviði frumkvöðlastarfs og nýsköpunar verður eftt**

### **4.1 Stuðningur við alþjóðlega sókn framúrskarandi sprotafyrirtækja**

**Markmið:** Að bæta aðgengi framúrskarandi sprotafyrirtækja að erlendum fjárfestum og mörkuðum og hraða þannig vexti þeirra.

**Nánar um aðgerðina:** Þróað verður verkefni í samstarfi við norræna samstarfsaðila þar sem íslensk sprotafyrirtæki njóta stuðnings til alþjóðlegrar markaðssóknar og sölu. Valinn verður takmarkaður fjöldi íslenskra sprotafyrirtækja árlega sem hafa burði og ávinning af þátttöku í hraðalsverkefnum erlendis, svo sem í Silicon Valley eða á öðrum stöðum sem þykja ákjósanlegir.

#### **4.2. Þjálfun fyrir sprotafyrirtæki í vexti**

**Markmið:** Að auka þekkingu og hæfni sprotafyrirtækja til markaðssóknar.

**Nánar um aðgerðina:** Sett verði á laggirnar stuðnings- og fræðsluverkefni sem unnið verður í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga þar sem íslensk sprotafyrirtæki hljóta þjálfun í sölu og markaðsstarfi. Um þátttöku í alþjóðlegu þjálfunarverkefni fyrir sprota, englafjárfesta og aðra fjárfesta er að ræða í samvinnu við samstarfsaðila Nordic Innovation House og frumkvöðlasetra á San Fransisco svæðinu.

#### **4.3: Einföldun þjónustu við umsækjendur í erlenda samkeppnissjóði**

**Markmið:** Að einfalda og samræma þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur í erlenda samkeppnissjóði.

**Nánar um aðgerðina:** Settur verði á fót formlegur samstarfsvettvangur þeirra sem bera ábyrgð á þjónustu við þær styrkjaáætlanir sem Íslendingar eiga aðild að. Starf hópsins er ótímabundið. Verkstjórn verður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís sem hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á alþjóðlegu styrkjaumhverfi og öflugt tengslanet. Sérstök áhersla verður lögð á aukna þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki og þau fyrirtæki sem hafa burði til að vinna á alþjóðlegum vettvangi.

### **5. Greiningar og rannsóknir**

**Markmið 5: Greiningar og rannsóknir á frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi verða eflidar.**

#### **5.1: Samstarfsverkefni um mótun hraðvaxtarstefnu**

**Markmið:** Stuðla að framkvæmd stefnumótunar og aðgerða á sviði frumkvöðlastarfs og nýsköpunar sem byggir á stöðumati og viðurkenndum greiningarrömmum.

**Nánar um aðgerðina:** Markmið verkefnisins er að stuðla að bættu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á aðgerðir til að efla frumkvöðlastarf og nýsköpun. Verkefnið samanstendur af ráðgjöf, greiningu og tillögugerð. Unnin verður svokölluð hraðvaxtarstefna til frekari stuðnings við áherslur ráðuneytisins á sviði frumkvöðlastarfs og nýsköpunar.

#### **5.2: Samanburður á stoðkerfi frumkvöðla og nýsköpunar á Norðurlöndunum**

**Markmið:** Afla upplýsinga svo bera megi saman starfsumhverfi frumkvöðla og sprotafyrirtækja á Norðurlöndunum.

**Nánar um aðgerðina:** Unnin verði úttekt á starfsumhverfi íslenskra frumkvöðla- og sprotafyrirtækja og samanburður gerður við Norðurlöndin. Tilgangurinn að fá upplýsingar um hvar úrbóta er þörf og hvað megi læra af nágrannalöndunum.

### **5.3 Kortlagning á tækifærum til hagnýtingar Internetsins í þágu nýsköpunar og vaxtar**

**Markmið:** Að fjölga fyrirtækjum sem hagnýta stafræna tækni og internetið til að auka tekjur og arðsemi.

**Nánar um aðgerðina:** Internetið hefur reynst grunnstoð í vexti fjölda íslenskra fyrirtækja og nýir sprotar byggja flestir viðskiptahugmyndir sínar á stafrænum lausnum. Reyndin er samt sú að íslensk fyrirtæki, t.d. í hefðbundnum atvinnugreinum nýta sér ekki möguleika stafrænnar tækni og internetsins nema að litlu leyti. Fjöldmörg vannýtt tækifæri eru til sóknar, s.s. í hagnýtingu stafrænna lausna í ferlum, í samskiptum við viðskiptavinum og birgja, í sölu og markaðsstarfi, vöru- og þjónustuþróun o.fl. Aðgerðin felst í kortlagningu á hagnýtingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á stafrænni tækni og möguleikum til sóknar. Einnig verða útfærð stuðningsverkefni og fræðsla sem miða að því að efla notkun stafrænna lausna í starfandi fyrirtækjum.

## **6. Viðburðir og vitundarvakning**

### **Markmið 6. Stuðlað verður að öflugra frumkvöðla- og nýsköpunarsamfélagi á Íslandi**

#### **6.1 Uppspretta**

**Markmið:** Að virkja uppsprettu hugmynda og auka þverfaglegu nálgun við nýsköpun og tækniþróun í íslensku samfélagi.

**Nánar um aðgerðina:** Starfræktur verður svokallaður „uppsprettuvettvangur“ þar sem aðilar úr ólíkum atvinnugreinum og sérsviðum samfélagsins koma saman til að þróa nýjar lausnir, skapa nýjar tengingar og kveikja hugmyndir að nýsköpun og tækniþróun. Viðfangsefni hvers uppsprettuvettvangs breytist frá ári til árs. Lögð er áhersla á fjölbreytni og að þátttakendur starfi á ólíkum sviðum samfélagsins, til þess að skapa óvæntar tengingar og örva skapandi lausnir og hugmyndir til að mæta áskorunum í nútíð og framtíð.

#### **6.2 Árlegur frumkvöðla- og sprotaviðburður iðnaðar- og viðskiptaráðherra**

**Markmið:** Auka samráð og áhuga á frumkvöðla- og nýsköpunarstarfi

**Nánar um aðgerðina:** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun standa fyrir árlegum viðburði þar sem frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum verður boðið að ræða tækifæri og áskoranir. Náið samráð verður haft við hagsmunaaðila og sérfræðinga svo viðburðurinn verði viðbót við annars öflugt viðburðarstarf á sviði frumkvöðlastarfs og nýsköpunar.

## **7. Önnur verkefni**

### **7.1 Tækniyfirfærsluskrifstofa fyrir Ísland þ.e. fyrir háskóla og rannsóknarstofnanir, nýsköpunar- og sprotafyrirtæki svo og aðra einkaaðila á landinu ( tilraunaverkefni)**

**Markmið:** Stuðla að aukinni tækniyfirfærslu í íslensku atvinnulífi.

**Nánar um aðgerðina:** Settur verði upp vettvangur þar sem háskólar og rannsóknarstofnanir og einkaaðilar geti fengið aðstoð við yfirfærslu og hagnýtingu uppfinninga og hugverka, hvort sem þau verða til í rannsókn- og háskólaumhverfinu eða í starfi einkaaðila.

Með tækniyfirfærslu er átt við miðlun á nýjum aðferðum, þekkingu, uppfinningum og tækni og markmiðið er að auka hagnýtingu rannsókna, stuðað að framleiðslu nýrra vara, aðferða eða þjónustu til dæmis.

### **7.2 Nýsköpunarsamkeppni um framúrskarandi lausnir innan velferðarþjónustunnar.**

**Markmið:** Að hvetja notendur, starfsfólk, fyrirtæki og stofnanir innan velferðarþjónustunnar til að endurskoða þær lausnir sem eru í boði og/eða leita nýrra lausna sem aukið geta skilvirkni, sjálfstæði og lífsgæði þeirra sem nota þjónustuna.

**Nánar um aðgerðina:** Árangursrík velferðarþjónusta framtíðarinnar mun kalla eftir klókum lausnum sem nýst gætu til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. Ein leið er að efna til samkeppni um framúrskarandi lausnir. Með slíkum keppnum er reynt að hvetja til þróunar nýrra lausna og/eða vara. Jafnframt sýnir reynslan að til verða tengsl og milli aðila og aukin samvinna. Samkeppnin er samvinnuverkefni atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og velferðarráðuneytisins og fellur að stefnum og áætlunum ráðuneytanna tveggja.